

# 97. AÐALFUNDUR LMFÍ

2. APRÍL 2016



## EFNISYFIRLIT

Dagskrá aðalfundar .....	4
Dagskrá.....	4
Verðskrá félagsvara.....	5
Sala félagsmuna er á staðnum .....	5
Skýrsla stjórnar.....	6
Skýrsla stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands 2015-2016 .....	6
Stjórnarfundir .....	6
Kjaramál .....	6
Dómsmál .....	6
Skuldastaða.....	6
Fagdeildir og stefnumótun .....	6
Erlent samstarf.....	6
Vefsíður félagsins.....	7
Fylgja og Ljósmeðrablaðið.....	7
5. maí veður 4. Maí .....	7
Skjalaflokkun .....	7
BHM.....	7
Námskeið.....	7
100 ára afmælið og NJF ráðstefna.....	7
Framundan.....	8
Þakkir .....	8
Ársreikningar félagsins .....	9
Kynning gjaldkera.....	9
Ársreikningur .....	9
Fjárhagsáætlun .....	9
Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur.....	15
Tillaga að breytingu á styrktarsjóðum félagsins. ....	15
Tillaga sjóðanefndar LMFÍ .....	15
<b>Úthlutunar- og starfsreglur Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hrafnfjörð</b> .....	15
Tillaga að breyttum félagsgjöldum .....	16
Tillaga stjórnar lmfí.....	16
Tillaga að lagabreytingu vegna fagdeildar brjóstagjafaráðgjafa. ....	16
Tillaga stjórnar lmfí.....	16
Tillaga um merkingu fæðingarheimila.....	17
Tillaga Sigríðar Sínu Jónsdóttur.....	17

Tillaga um gjald fyrir ellilífeyrisþega og öryrkja.....	17
Tillaga stjórnar lmfí.....	17
Tillaga að stofnun deildar sjálfstætt starfandi ljósmæðra.....	17
Tillaga Bergrúnar S. Jónsdóttur .....	17
Ársskýrslur nefnda .....	18
Skýrsla ritnefndar .....	18
Skýrsla kjaranefndar 2015-2016 .....	18
Skýrsla fræðslunefndar.....	19
Skýrsla Sjóðanefndar LMFÍ.....	19
Skýrsla siðanefndar LMFÍ.....	20
Ársskýrsla ritnefndar/Bókanefndar Ljósmæðratals.....	20
Árskýrsla ljósanna 2015 .....	21
Skýrsla Norðurlandsdeildar LMFÍ .....	22
Skýrsla fagdeildar um kynheilbrigði og forvarnir 2015-2016.....	24
Skýrsla Fagdeildar um meðgönguvernd og fósturgreiningu frá stofnun deildarinnar 24. nóvember 2014 til 1. mars 2016.....	24
Skýrsla fagdeildar um sængurlegu og brjóstgjöf fyrir aðalfund LMFÍ 2.apríl 2016.....	24
Skýrsla Fagdeildar um fæðingarhjálp .....	24
Sjálfstætt starfandi ljósmæður .....	25
Stjórnar og nefndakosningar .....	26
Önnur mál.....	28

## DAGSKRÁ AÐALFUNDAR

### DAGSKRÁ

- 1) Setning fundar og kosning fundarstjóra og fundarritara
- 2) Skýrsla stjórnar
- 3) Reikningar félagsins lagðir fram til samþykkis
- 4) Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt
- 5) Tillögur til lagabreytinga og aðrar tillögur
- 6) Skýrslur nefnda/deilda
- 7) Stjórnar og nefndakosningar
- 8) Önnur mál

Að fundi loknum munu Hrafnhildur Halldórsdóttir og Arney Þórarinsdóttir kynna starfssemi Bjarkarinnar og Margrét Knútsdóttir mun kynna fyrirtæki sitt, Lífsins tré  
Rekstrarland verður með kynningu í anddyri og á boðstólum verða léttar veitingar.

**VERÐSKRÁ FÉLAGSVARA****SALA FÉLAGSMUNA ER Á STAÐNUM**

Síðerma bolir – svartir/hvítir.....	3000 kr.
Afmælisbolli félagsins.....	1000 kr.
Yfirsetubolli.....	1000 kr.
Barmmerki Ljósmæðrafélagsins.....	3000 kr.
Lausnarsteinar.....	3000 kr.
Barneignarþjónusta á Íslandi.....	1000 kr.

## SKÝRSLA STJÓRNAR

### SKÝRSLA STJÓRNAR LJÓSMÆÐRAFÉLAGS ÍSLANDS 2015-2016

#### STJÓRNARFUNDIR

Stjórnarfundir starfsársins hafa verið 12 og hafa verið á 2-3 vikna fresti eftir því sem fyrir hefur legið hverju sinni.

#### KJARAMÁL

Mikill óróleiki var í kjaramálum og samþykktu félagsmenn verkfall á LSH og SAK sem hófst þann 7. apríl og lauk með dómi þann 13. júní. Í kjölfarið var settur gerðardómur sem dæmdi ákveðnar hækkanir. Dómurinn stendur til 31.08.2017. Eftir dóminn hefur farið töluverð vinna í að túlka menntunarákvæði dómsins og er sú vinna enn í gangi. Næsta hækkun skv. dómnum er 01.06.16. Einnig hefur talsverð vinna farið í bókun 2 skv. kjarasamningi 2014. Bókun 2 felur í sér möguleika á tímabundinni umbun. Sú bókun er komin í gagnid á HH, HSU og HSS. Sjá skýrslu formanns kjaranefndar í aðalfundargögnum

#### DÓMSMÁL

Í kjölfar verkfalla var ákveðið að höfða mál í félagsdómi vegna vangoldinna launa fyrir unna vinnu. Málinu var vísað frá í fyrstu umferð en ákveðið var að fara aftur með málið fyrir dóminn. Þar tapaðist málið mjög naumlega með séráliti frá 2 dómurum. Var því ákveðið að fimm félagsmenn mundu sameiginlega höfða mál fyrir héraðsdómi vegna vangoldinna launa. Saman eiga þessar fimm ljósmæður inni rúmlega 700 þús. kr. hjá ríkinu. Vinna við þetta mál er í fullum gangi. BHM mun standa straum af málskostnaði. Reikna má með að málsmeðferð fyrir Héraðsdómi geti tekið eitt ár eða jafnvel lengur.

#### SKULDASTAÐA

Kjarabarátta er dýr og kostnaðarsöm og ekki nóg með það heldur koma lítil félagsgjöld inn þegar félagsmenn eru í verkfalli. Það voru bæði BHM, FÍN og Fræðagarður sem hlupu undir bagga með félaginu og bæði lánuðu og styrktu okkur. Miklar hagræðingar voru gerðar í rekstri og er gaman að segja frá því að við höfum nú þegar getað endurgreitt Fræðagarði það lán sem þeir veittu okkur. Nánar um lánin má sjá á ársreikningi félagsins.

#### FAGDEILDIR OG STEFNUMÓTUN

Frekar erfitt hefur reynst að koma fagdeildum af stað og má sjá skýrslu þeirra í aðalfundar gögnum. Starfshópur hefur verið að störfum við að endurskoða stefnu félagsins og er þeirri vinnu ekki lokið.

#### ERLENT SAMSTARF

Við höfum tekið þátt í starfi NJF (Nordisk jordmor forbund) nú sem endranær. Við vorum gestgjafar á stjórnarfundum samtakanni í maí s.l. Auk hefðbundinna fundarstarfa var þema fundarins meðferð klögumála gegn ljósmæðrum og einnig vorum við með kynningu á heimaþjónustu ljósmæðra. Til að vera með framsögu um þessi mál fengum við til okkar góða gesti sem þekktu þessa málaflokka vel.

ICM (International Confederation of Midwives) – ekkert hefur verið fundað hjá ICM þetta árið en við höfum fylgst vel með starfi þeirra og sent þeim ýmis gögn sem þeir hafa falast eftir eftir þörfum.

EMA (European Midwives Association) – Ísland var orðið eitt tveggja landa í Evrópu sem ekki var aðili að EMA. Að mati stjórnar félagsins hafði Ísland margt að sækja í EMA og var því ákveðið að sækja um aðild að samtökunum.

## VEFSÍÐUR FÉLAGSINS.

Ljosmodir.is var orðin barn síns tíma og var ráðist í endurgerð síðunnar. Rekstur hennar er nú algjörlega á höndum skrifstofunnar og renna því tekjur af síðunni beint til félagsins fyrir utan það sem fer í viðhald síðunnar sjálfrar. Vel hefur gengið að selja auglýsingar. Sjá nánar í reikningum félagsins.

Ljosmaedrafelag.is, vegna hagræðingar þurftum við að segja vefstjóra upp störfum amk. tímabundið og er umsjón síðunnar nú í höndum skrifstofu félagsins með dyggri aðstoð Signýjar Dóru Harðardóttur. Það er unnið í því að gera síðuna aðgengilegri, meðal annars er hún nú skalanleg í snjalltækjum. Auk þess er unnið í því að hægt sé að finna einstakar greinar Ljósmaðrablaðsins en ekki þurfi alltaf að skoða allt blaðið í heild sinni.

## FYLGJA OG LJÓSMÆÐRABLAÐIÐ

Að þessu sinni var í hagræðingarskyni ákveðið að gefa Fylgjuna út til tveggja ára og sleppa fræðilega kaflanum sem í staðinn verður aðgengilegur á ljósmaedrafelag.is. Auk þess tókst að selja auglýsingu á baksíðuna. Með þessu tókst að draga verulega úr kostnaði við útgáfuna.

Ljósmaðrablaðið - skoðað var hvort við ættum að breyta blaðinu yfir í rafrænt tímarit. Stjórnin mat það svo að það væri ekki heppilegur kostur að svo stöddu ekki síst í ljósi þess að blaðið hefur staðið undir sér undanfarið. Þetta er þó mál sem þarf að endurmeta reglulega.

## 5. MAÍ VEÐUR 4. MAÍ

Alþjóðadagur ljósmæðra var haldinn hátíðlegur með ráðstefnu á Nauthól þar sem Alison McFadden kom frá Bretlandi og var gestur okkar. Auk þess fengum við marga góða gesti frá Íslandi bæði ljósmæður og aðra.

Nú í ár ber 5. maí upp á uppstigningardag svo að ljósmæðradagar þessa árs verða á þann veg að við höldum daginn hátíðlegan þann 4. maí með þingi þar sem við fáum til okkar Söruh Wickham og Ank de Jonge auk annarra gesta. Þann 5. maí verður svo vinnustofa með Söruh. Dagurinn í fyrra var samvinnuverkefni félagsins, HH, námsbrautar og fagráðs ljósmæðra LSH og nú í ár taka sömu aðilar höndum saman auk Kristbjargar Magnúsdóttur ljósmóður.

## SKJALAFLOKKUN

Við að undirbúa skráningu á sögu félagsins hefur Erla Doris Halldórsdóttir flokkað skjalasafn félagsins alveg niður og gengið frá því til varðveislu. Var það mjög gott að við skyldum fá þetta samhliða bókarskrifunum því frágangur á skjölum félagsins var mjög brynt verkefni sem þoldi ekki bið.

## BHM

Félagið hefur venju skv. tekið þátt í öllu samstarfi sem verið hefur innan BHM á árinu. Félagsmenn hafa verið duglegar að sækja í ýmsa sjóði BHM og er það vel. Iðgjald til BHM mun á þessu ári hækka um 30% sirka þar sem nú hefur innheimtuaðferðum verið breytt yfir í hlutfall af heildarlaunum.

## NÁMSKEIÐ

Auk ljósmæðradaga í maí sem fjallað var um hér að framan ráðgerir félagið nálastungunámskeið í haust. Leiðbeinandi mun verða María Sigurðardóttir ljósmóðir.

## 100 ÁRA AFMÆLIÐ OG NJF RÁÐSTEFNA

Vinna hefur haldið áfram við undirbúning afmælisins og ráðstefnunnar. Skráning sögu félagsins og undirbúningur ljósmæðratals gengur vel og einnig undirbúningur ráðstefnu. Þema ráðstefnunnar verður að þessu sinni „Midwifery across borders“ og mun fyrstu gögnum og auglýsingum verða dreift á ráðstefnunni í Gautaborg í maí.

**FRAMUNDAN**

Frekari vinna við endurskoðun stefnumótunar félagsins

Frekari bæting á vefsíðum félagsins.

Áframhaldandi vinna við 100 ára afmæli og ráðstefnu 2019.

**ÞAKKIR**

Stjórn félagsins þakkar öllum þeim ljósmæðrum og öðrum sem starfað hafa fyrir félagið á síðasta ári og einnig þeim sem hafa látið sig málefni félagsins varða, haft sambandi og komið með ábendingar.

Fyrir hönd stjórnar LMFÍ

Áslaug Íris Valsdóttir, formaður



## ÁRSREIKNINGAR FÉLAGSINS

### KYNNING GJALDKERA

#### ÁRSREIKNINGUR

Ársreikningur félagsins er í fylgiskjöllum.

Fjallað verður ítarlega á aðalfundi um kostnaðarliði

Sérstaklega verður fjallað um útlagðan kostnað vegna kjarabaráttu.

Farið yfir niðurstöðu skoðunarmanna reikninga og endurskoðanda.

Sýnd verður kostnaður og innkoma vegna námskeiða og fræðslu á vegum félagsins.

#### FJÁRHAGSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun byggir á ársreikningi um sama kostnað.

Ekki verði breytt föstum liðum.

Mikil áhersla á að greiða upp skuldir félagsins.

Sparnaður mun vera megin þema félagsins og mun vera sparað og hagrætt eins og hægt er.

Inga Sigríður Árnadóttir

Gjaldkeri LMFÍ

## BRÁÐABIRGÐA ÓENDURSKOÐAÐUR ÁRSREIKNINGUR

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... x

1 / 6 106%

### Rekstrarreikningur

	Skýr.	2015	2014
<b>REKSTRARTEKJUR:</b>			
Íðgjöld .....		22.588.981	17.799.256
Aðrar tekjur .....		5.880.540	5.494.362
Rekstrartekjur alls		28.469.521	23.293.618
<b>REKSTRARGJÖLD:</b>			
Laun og launatengd gjöld .....		15.414.175	10.610.745
Annar rekstrarkostnaður .....		26.290.498	13.798.991
Rekstrargjöld alls		41.729.173	25.089.016
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða .....		( 13.259.652 )	( 1.795.398 )
<b>FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:</b>			
Vaxtatekjur .....		878.485	986.362
Vaxtagjöld .....		( 117.160 )	( 99.166 )
		761.325	887.196
Hagnaður (tap) ársins .....		( 12.498.327 )	( 908.202 )

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... x

2 / 6 106%

### Efnahagsreikningur

	Skýr.	2015	2014
<b>EIGNIR</b>			
<b>FASTAFJÁRMUNIR:</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteign .....		6.604.005	6.604.005
Fasteign alls		6.604.005	6.604.005
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Fastafjármunir alls		6.604.005	6.604.005
<b>VELTUFJÁRMUNIR:</b>			
Vörubirgðir .....		276.901	276.901
Skammtímakröfur .....		5.036.636	3.730.454
Handbært fé .....		27.739.565	26.455.213
Veltufjármunir alls		33.056.558	30.462.568
Eignir samtals .....		39.660.563	37.066.573

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... x ? Sign In

3 / 6 106%

### Hinn 31. desember

	Skýr.	2015	2014
<b>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</b>			
<b>EIGIÐ FÉ:</b>			
Órástafað eigið fé 01.01. ....		34.362.156	35.270.358
Hagnaður (tap) ársins .....	(	12.498.327	) ( 908.202 )
Eigið fé alls		21.863.829	34.362.156
<b>LANGTÍMASKULDIR:</b>			
Lán frá Fræðagarði v kjarabaráttu 2015 .....		3.500.000	0
Lán frá BHM v kjarabaráttu 2015 .....		7.026.794	0
Langtímaskuldir alls		16.535.109	0
<b>SKAMMTÍMASKULDIR:</b>			
Viðskiptaskuldir .....		582.902	2.199.598
Ógreitt vegna starfsfólks .....		539.887	389.131
Skammtímaskuldir .....		138.836	115.688
Skammtímaskuldir alls		1.261.625	2.704.417
Skuldir alls .....		17.796.734	2.704.417
Skuldir og eigið fé samtals .....		39.660.563	37.066.573

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... x

4 / 6 100%

### Sundurliðun ársreiknings

	2015	2014
<b>INNKOMA:</b>		
Félagsgjöld .....	24.179.211	18.710.610
Fagfélagsgjöld, ekki starfandi fél .....	640.500	1.158.500
Tillag til BHM .....	( 2.230.730 )	( 2.069.854 )
<b>Iðgjöld alls</b>	<b>22.588.981</b>	<b>17.799.256</b>
<b>AÐRAR TEKJUR:</b>		
Ljósmyndir.is auglýsingar .....	3.114.940	1.167.480
Ljósmyndrablaðið, auglýsingar .....	1.590.000	2.105.000
Sala á félagsvörum .....	113.000	114.600
Áskriftartekjur .....	40.000	36.000
Annað, styrkir, gjafir, fundir o.fl. ....	( 264.600 )	( 555.282 )
Tekjur vegna kynninga á aðalfundi/afmæli .....	( 665.500 )	( 766.000 )
Styrkir í verkfallssjóð .....	( 71.500 )	0
Sala námskeiða .....	21.000	750.000
<b>Aðrar tekjur alls</b>	<b>5.880.540</b>	<b>5.494.362</b>
<b>LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD:</b>		
Vinnulaun .....	11.985.655	7.778.107
Stjórnarlausn .....	150.000	240.000
Bifreiðastyrkir .....	126.457	502.800
Tryggingargjöld .....	1.030.537	723.872
Lífeyrissjóður, mótframlag .....	1.608.604	1.058.831
Sjóðagjöld, mótframlag .....	468.415	273.430
Tryggingar starfsfólks .....	16.799	15.330
Annar starfsmannakostnaður .....	27.708	18.375
<b>Laun og launatengd gjöld alls</b>	<b>15.414.175</b>	<b>10.610.745</b>

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... x

4 / 6 100%

### ANNAR REKSTRARKOSTNAÐUR:

<b>Húsnæðiskostnaður:</b>		
Hússjóður Borgartúni 6 .....	936.780	936.810
	936.780	936.810
<b>Rekstur áhalda og tækja:</b>		
Gjaldfærð áhöld og tæki .....	9.690	158.358
Rekstur tölvukerfis, DK, Advania o.s.frv .....	227.801	173.080
Rekstur prentara .....	13.000	6.500
Vátryggingar aðrar .....	20.477	18.185
	270.968	356.123
<b>Skrifstofukostnaður:</b>		
Simi .....	76.582	101.660
GSM simar .....	92.070	107.565
Burðargjöld .....	150.080	100.589
Ljósritun .....	47.260	37.330
Bækur og blöð .....	5.000	0
Ritföng .....	4.314	51.340
Prentun nafnspj., umslög oþh .....	128.889	8.361
Félagsvörur .....	0	62.600
	504.195	469.445

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... ×

5 / 6 100%

### Sundurliðun ársreiknings

	2015	2014
<b>Stjórnun og umsýsla:</b>		
Reikningsleg aðstoð .....	194.463	191.074
Aðkeypt þjónusta .....	7.980	60.413
Auglýsingar .....	49.476	0
Gjafir .....	3.200	22.310
Styrkir .....	364.500	169.195
Kveðjur, blóm, gjafir, heiðranir .....	0	20.098
	<u>619.619</u>	<u>463.090</u>
<b>Félagslegur kostnaður:</b>		
Fastagjald BHM .....	150.000	150.000
Félagsvefur ljósmæðrafélag.is .....	227.852	233.261
Fylgjan Handbók ljósmæðra .....	372.396	698.160
Ljósmæðratal 2019 .....	63.050	0
Ljósmæðrablaðið allur kostnaður .....	1.844.848	2.311.144
Veittir styrkir úr Rannsókn og þróunar .....	0	1.737.500
Veittir styrkir úr Vísindasjóð .....	0	741.887
Ljosmoðir.is - allur kostnaður .....	2.307.332	720.369
	<u>4.965.478</u>	<u>6.592.321</u>
<b>Ráðstefnur og fundir innanlands:</b>		
Námskeið kostnaður .....	720.000	1.744.906
Ráðstefnur .....	52.221	0
Nefndarstörf .....	0	5.950
Trúnaðarmannakostnaður .....	27.000	0
Kostnaður vegna kjarabaráttu .....	17.637.091	1.104.939
Stjórnarfundir .....	17.535	22.139
Fræðslufundir .....	4.004	0
Kostnaður vegna funda (veitingar og fl) .....	201.496	1.108.407
	<u>18.659.347</u>	<u>3.986.341</u>
<b>Erlent samstarf:</b>		
NJF .....	115.960	147.911
ICM .....	218.151	518.919
Aðrar ráðstefnur erlendis .....	0	328.031
	<u>334.111</u>	<u>994.861</u>
	<u>26.290.498</u>	<u>13.798.991</u>
<b>Annar rekstrarkostnaður alls</b>		
Afskrift fasteigna .....	0	225.136
Afskrifaðar tapaðar kröfur .....	24.500	454.144

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... ×

5 / 6 100%

### VAXTATEKJUR:

Vaxtatekjur .....	874.322	983.835
Dráttarvextir .....	4.163	2.527
<b>Vaxtatekjur alls</b>	<u>878.485</u>	<u>986.362</u>

### VAXTAGJÖLD:

Bankakostnaður, þjónustugjöld .....	( 98.323 )	( 95.852 )
Dráttarvextir .....	( 18.837 )	( 3.314 )
<b>Vaxtagjöld alls</b>	<u>( 117.160 )</u>	<u>( 99.166 )</u>
Lán frá FÍN v kjarabaráttu 2015 .....	( 6.008.315 )	0

### FASTEIGN:

Fasteign 01.01 .....	6.604.005	6.604.005
<b>Fasteign alls</b>	<u>6.604.005</u>	<u>6.604.005</u>

bráðabirgðatölur ársreiknings.PDF - Adobe Acrobat Reader DC

File Edit View Window Help

Home Tools bráðabirgðatölur ár... x

6 / 6 100%

### Sundurliðun ársreiknings

	2015	2014
<b>SKAMMTÍMAKRÖFUR:</b>		
Viðskiptamenn .....	6.785.447	5.156.154
Mótr. v/sjóða .....	( 2.353.967 )	( 1.829.314 )
Fyrirfrangreidd laun .....	47.539	21.495
Fjármagnstekjuskattur, afdreginn .....	557.617	382.119
Skammtimakröfur alls	5.036.636	3.730.454
<b>HANDBÆRT FÉ:</b>		
Arion 26-640013 aðalreikningur .....	1.909.882	1.330.014
Arion 22-708 - Rannsóknar- og þróunarsjóð .....	1.704.737	2.435.446
Arion 22-710 Þórðisarsjóður .....	1.890.672	758.558
SPRON 05-400051 Fagfélagsgjöld .....	8.827	8.827
Arion 22-002475 Minningarsjóður Jóhönnu .....	20.886.384	20.294.030
Arion 26-640029 Brekkusjóður, orlofsreik .....	61.394	100.665
Arion 22-743 Visindasjóður A-hluti .....	1.075.937	1.167.990
Arion 03-401080 fræðslunefnd .....	195.232	359.683
Sjóður .....	6.500	0
Handbært fé alls	27.739.565	26.455.213
<b>VIÐSKIPTASKULDIR:</b>		
Rannsóknar og þróunarsjóður .....	( 718.231 )	0
Visindasjóður .....	( 686.156 )	0
Lánardrottinn .....	1.902.912	2.187.326
Kredetkort - VISA .....	87.959	22.825
Inneignarkort - Nettó .....	( 3.582 )	( 10.553 )
Viðskiptaskuldir alls	582.902	2.199.598
<b>ÓGREITT VEGNA STARFSFÓLKS:</b>		
Ógreiddur lífeyrissjóður .....	201.833	143.604
Ógreidd sjóðagjöld .....	51.266	31.090
Ógreidd staðgreiðsla .....	226.788	124.437
Ógreiddur sparnaður starfsf v ferða erle .....	60.000	90.000
Ógreitt vegna starfsfólks alls	539.887	389.131
<b>AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR:</b>		
Ógreitt tryggingargjald .....	287.952	115.688
Reiknaðir skattar ársins .....	( 149.116 )	0
Skammtimaskuldir alls	138.836	115.688

## TILLÖGUR TIL LAGABREYTINGA OG AÐRAR TILLÖGUR

### TILLAGA AÐ BREYTINGU Á STYRKTARSJÓÐUM FÉLAGSINS.

#### TILLAGA SJÓÐANEFNDAR LMFÍ

Sjóðanefnd og stjórn Ljósmeðrafélags Íslands leggja til að Rannsóknar og þróunarsjóður verði lagður niður og eins milljón króna höfðustóll renni í verkfallssjóð félagsins. Úthlutunarreglum úr Minningarsjóði Jóhönnu Hrafnfjörð verði breytt (sjá tillögu þar að lútandi) og hlutverk hans víkkað út þannig að flest öll verkefni falli undir markmið sjóðsins. Ástæðan fyrir þessari tillögu er að félagið er lítið og með fáa kjarafélaga. Það er of dýrt að styrkja fáar ljósmeður á ári um 2% af heildarinnkomu félagsins.

Sjóðaumhverfi er annað en var þegar ROP var stofnaður og mun fleiri möguleikar á styrkjum annars staðar þar á meðal úr MJH. Það er óeðlilegt að svo lítið félag sem okkar reki tvo styrktarsjóði. Nær væri að reyna að byggja upp einn styrktarsjóð og efla aðra sjóði félagsins svo sem Þórdísarsjóð sem er verkfalls og kjarabaráttus sjóður og Brekkusjóð sem er til að mæta óvæntum útgjöldum félagsins.

#### Úthlutunar- og starfsreglur Minningarsjóðs Jóhönnu F. Hrafnfjörð

Minningarsjóðurinn er í vörslu stjórnar Ljósmeðrafélags Íslands og með prókúru fer sitjandi gjaldkeri félagsins.

#### Tilgangur og markmið

Tilgangur og markmið Minningarsjóðsins er að styrkja einstaka sjóðsfélaga til að sækja námskeið innan lands sem utan, til ákveðinna verkefna sem teljast til eflingar menntunar þeirra **og til að efla faglega þróun innan ljósmóðurfræðinnar.**

#### Sjóðsstjórn

Stjórn minningarsjóðsins er í höndum sjóðanefndar Ljósmeðrafélags Íslands. Sjóðanefnd skal skipuð af aðalfundi Ljósmeðrafélags Íslands til tveggja ára í senn og hana sitja þrjú kjarafélagar LMFÍ auk formanns og gjaldkera félagsins. Nefndin setur sér úthlutunar- og starfsreglur sem skulu samþykktar af aðalfundi og endurskoðaðar annað hvert ár.

#### Sjóðsaðild

Aðild að Minningarsjóði Jóhönnu F. Hrafnfjörð hafa allir skuldlausir **kjarafélagar** Ljósmeðrafélags Íslands.

#### Tegundir styrkja

- Styrkir til sí- og endurmenntunar ljósmæðra innan lands og utan.
- Til ákveðinna verkefna sem teljast til endurmenntunar ljósmæðra.
- **Til eflingar fræðilegrar þróunar í ljósmóðurfræði.**

#### Upplýsingar um umsóknir

- Umsókn um styrk úr Minningarsjóðnum skal skilað á sérstöku eyðublaði sjóðsins sem hægt er að sækja á vefsíðu Ljósmeðrafélags Íslands.

- Umsóknir þurfa að berast sjóðnum fyrir 1.nóvember ár hvert.
- Umsóknir þurfa að vera vandaðar og þeim skal fylgja kostnaðaráætlun.

#### Áherslur og mat á umsóknum

- Styrkir eru veittir þeim sem ekki eiga kost á að sækja í aðra sjóði. Til dæmis þeir aðilar sem ekki hafa rétt til úthlutunar eða hafa fullnýtt rétt sinn í öðrum sjóðum.
- Upphæð styrkja ákvarðast af stöðu sjóðsins og fjölda umsókna hverju sinni.

#### Greiðsla styrkja

- Styrkur er að jafnaði greiddur út gegn framvísun reikninga í frumriti. Reikningur skal vera dagsettur það almanaksár sem sótt er um styrkinn.
- Sé styrks ekki vitjað fyrir 1. nóvember ári eftir úthlutun, lítur sjóðanefnd svo á að styrkvilyrðið falli niður.

Sjóðanefnd Ljósmeðrafélags Íslands – Nóvember 2015

Fyrir hönd sjóðanefndar LMFÍ

Inga Sigríður Árnadóttir, formaður sjóðanefndar

## TILLAGA AÐ BREYTTUM FÉLAGSGJÖLDUM

### TILLAGA STJÓRNAR LMFÍ

Á aðalfundi BHM 2012 var ákveðið að innheimta félagsgjöld af heildartekjum félagsmanna í stað grunnlauna. Fyrir LMFÍ hefur þessi breyting í för með sér hækkun á iðgjaldi til BHM um ca. 30%. Stjórn félagsins leggur því til að félagsgjöld lækki í 1.75% af heildarlaunum úr 2.25% af grunnlaunum eins og verið hefur síðastliðið ár. Félagsgjald verði svo endurskoðað aftur fyrir aðalfund 2017.

## TILLAGA AÐ LAGABREYTINGU VEGNA FAGDEILDAR

### BRJÓSTAGJAFARÁÐGJAFI.

### TILLAGA STJÓRNAR LMFÍ

Stjórn félagsins leggur til að grein 3.1 í lögum félagsins breytist á eftirfarandi hátt.

3.1. Félagar í LMFÍ geta verið allar ljósmeður sem hafa ljósmeðraleysi á Íslandi auk ljósmeðranema sem óska eftir aðild að félaginu. Auk þess geta þeir sem hafa gild IBLCE réttindi verið fagfélagar í fagdeild brjóstagjafaráðgjafa án þess að hafa ljósmeðraleysi.



## TILLAGA UM MERKINGU FÆÐINGARHEIMILA

### TILLAGA SIGRÍÐAR SÍU JÓNSDÓTTUR

sem samþykkt var á síðasta aðalfundi um að kanna hvort hægt væri að finna og merkja þau hús með skildi þar sem fæðingheimili hafa verið starfrækt – niðurstaða úr þeirri vinnu er að til að byrja með og á 100 ára afmælinu væri raunhæft markmið að merkja götuna þar sem húsið stóð þar sem Ljósmeðrafélag Íslands var stofnað árið 1919. Það er Laugavegur 20 og mætti hugsa sér að skjöldur yrði settur í götuna.

## TILLAGA UM GJALD FÝRIR ELLILÍFEYRISÞEGA OG ÖRYRKJA.

### TILLAGA STJÓRNAR LMFÍ

Stjórn félagsins gerir að tillögu sinni að öryrkjar og ellilífeyrisþegar greiði 4500 kr. á ári og fái þá bæði blöð og fylgju sent heim. (Venjulegt fagfélagsgjald er kr. 10500.)

## TILLAGA AÐ STOFUNUN DEILDAR SJÁLFSTÆTT STARFANDI

### LJÓSMÆÐRA

### TILLAGA BERGRÚNAR S. JÓNSDÓTTUR

Undirrituð leggur til að stofnuð verði sérstök deild sjálfstætt starfandi ljósmeðra.

Tilgangur deildarinnar væri að halda utan um mál sjálfstætt starfandi ljósmeðra, bæði hvað varðar fagleg mál og fræðslu sem og mál er varða samskipti og samninga við Sjúkratryggingar Íslands.

Allar ljósmeður sem eru með samning við SÍ yrðu meðlimir í deildinni.

Mars 2016

Bergrún S. Jónsdóttir

## ÁRSSKÝRSLUR NEFNDAR

### SKÝRSLA RITNEFNDARAR

Í ritnefndinni árið 2015 voru Hrafnhildur Ólafsdóttir ritstjóri, Ólöf Ásta Ólafsdóttir, Berglind Hálfðánsdóttir, Ingibjörg Th. Hreiðarsdóttir, Sigrún Ingvarsdóttir, Rut Guðmundsdóttir og Embla Ýr Guðmundsdóttir.

Haldnir voru tveir ritnefndarfundir, einn fyrir hvort blað. Svo eru mikil samskipti hjá nefndinni með tölvupósti.

Árið 2015 voru gefin út tvö blöð eins og undanfarin ár. Ekki hefur verið erfitt að fá efni í blaðið, fyrir desember blaðið glímdum við það lúxusvandamál að vera með of mikið efni í blaðið. Nokkrir fastir liðir eru í blaðinu eins og verkefni frá ljósmóðurnema og hugleiðingar ljósmóður. Þrjár ritrýndar greinar birtust á síðasta ári og eru fleiri væntanlegar á þessu ári.

Töluverður kostnaður hefur verið við útgáfu blaðsins, uppsetningu, prentun, auglýsingasöfnun, pökkun og dreifingu, í raun hefur þessi kostnaður hækkað á hverju ári. Dóra Stephensen ljósmóðir hefur haldið áfram að safna auglýsingum fyrir blaðið síðasta ár þrátt fyrir að hún hafi flutt erlendis, hefur það gengið alveg ágætlega. Ritnefndar konur hafa svo pakkað blaðinu til að spara þann kostnað.

Fylgjan var gefin út með mikið breyttu sniði. Á tímabili var umræða að hætta útgáfu hennar en svo var ákveðið að prenta bara út dagbók til tveggja ára til að spara fyrir félagið. Allt fræðsluefnið var tekið út, lög og launatöflur er hægt að nálgast á netinu. Margar ljósmæður er farnar að skrá vaktirnar sínar í símana sína og eru því hætta að nota dagbókina. Ég finn að ekki voru allar ljósmæður sáttar við þessa breytingu og greinilegt að ljósmæðurum þykir vænt um Fylgjuna sína. Óvíst er hvort Fylgjan verði gefin út aftur, en ákvörðun um það verður seinna.

Fyrir hönd ritnefndar

Hrafnhildur Ólafsdóttir ritstjóri

### SKÝRSLA KJARANEFNDARAR 2015-2016

Kjaraárið hófst hjá LMFÍ líkt og hjá öðrum félögum með miklum fundarhöldum og annríki við undirbúning kjarabaráttu sem sjálfsagt mun seint gleymast. Fljótlega eftir að baráttan hófst gengum við til samstarfs við BHM og gengum þá miklu þrautargöngu sem við þekkjum allar. Eftir langar yfirsetur og mikla vinnu sem skilaði félagsmönnum litlu sem engu var farið í verkfall sem hófst þann 7. apríl 2015 og lauk ekki fyrr en 13. júní með lagasetningu á alþingi. Verkfallið var okkur öllum þungt en kraftur og samstaða félagsmanna var fram úr björtustu vonum. Kjaranefnd stóð fyrir verkfallskaffi sem var vel sótt af félagsmönnum. Við fengum styrki frá Nettó og Kökuhorninu í Kópavogi fyrir veitingum og var það afar þakklátt þar sem stjórn félagsins lagði mikið upp úr því að spara hverja einustu krónu. Á verkfallstímanum unnu kjaranefndarkonur hörðum höndum við ýmis önnur mál en hæst stendur fjáröflun þar sem við lögðum mikið upp úr styrkumsóknum og leiðum til að standa straum af kostnaði samstarfsins við BHM. Allir félagsmenn sem sóttust eftir styrk úr verkfallssjóði BHM fengu greidd laun að fullu. Auk þess fengu félagsmenn leiðréttingar greiddar, orlofsdaga,

veikindadaga, orlofsuppbót og afturvirkni. Þegar þetta er skrifað er enn ekki búið að loka verkfallssjóði þar sem tap á orlofsdögum vegna sumars 2016 hefur ekki komið til greiðslu.

Í tvígang var farið með mál ljósmæðra fyrir Félagsdóm þar sem við sóttum fast að fá greidd laun fyrir unna vinnu utan verkfallsdaga en eins og allir þekkja tapaðist sú barátta í bæði skiptin og voru það vissulega vonbrigði. Í kjölfarið var tekin ákvörðun um að höfða einkamál fimm ljósmæðra fyrir héraðsdómi með stuðningi BHM sem stendur straum af kostnaði þess máls. Er það mál komið í ferli og líklega er þó nokkur tími þar til við getum farið að búast við niðurstöðum.

Í jafn viðamikilli kjarabaráttu og félagið stóð í var vissulega í mörg horn að líta. Félagsmenn voru ekki alltaf sáttir en við gáfum ekki eftir. Við stóðum með sjálfum okkur og látum ekki buga okkur án baráttu. Kjaraárið sem nú er að hefjast mun væntanlega verða rólegra þó framundan séu stofnanasamningar allra stofnanna. Gerðadómur reyndist okkur betri en við áttum von á en gildistími hans var styttr en við létum okkur dreyma um svo undirbúningur fyrir næstu baráttu er rétt handan við hornið.

Formaður kjaranefndar

Edda Sveinsdóttir, ljósmóðir

## SKÝRSLA FRÆÐSLUNEFNDAR

Jólafundur félagsins var haldinn með tilheyrandi gleði og fagnaði og safnaðist 200.000kr ágóði sem Kvennaathvarfið hlaut að styrk fyrir jólin 2015.

## SKÝRSLA SJÓÐANEFNDAR LMFÍ

Tveir fundir voru haldnir á þessu starfsári

Ekki var úthlutað úr neinum sjóðum á þessu ári nema þeim úthlutunum sem var veitt árið 2014. Á aðalfundi 2015 var samþykkt að úthlutunarfjárhæðir sem stæðu til úthlutunar árið 2015 færi til Þórdísarsjóðs. Því varengin úthlutun úr Rannsóknar- og þróunarsjóði og Minningarsjóði Jóhönnu Hrafnfjörð þetta árið.

Ákveðið var að nýta starfsárið því til að fara yfir úthlutunarreglur sjóðanna. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að það þyrfti að gera tillögu að breytingum á fyrirkomulagi sjóðanna og bera upp tillögu um breytingu á MJH til að hann gæti styrkt víðtækari verkefni og leggja niður ROP. Sjóðaumhverfi er annað en var þegar ROP var stofnaður og mun fleiri möguleikar á styrkjum annars staðar þar á meðal úr MJH. Það er óeðlilegt að svo lítið félag sem okkar reki tvo styrktarsjóði. Nær væri að reyna að byggja upp einn styrktarsjóð og efla aðra sjóði félagsins svo sem Þórdísarsjóð sem er verkfalls og kjarabaráttus sjóður og Brekkusjóð sem er til að mæta óvæntum útgjöldum félagsins.

Fyrir hönd sjóðanefndar LFMÍ

Inga Sigríður Árnadóttir, formaður

## SKÝRSLA SIÐANENFDAR LMFÍ

Reykjavík 2. mars 2016

Í siðanefnd eru:

Birna Gerður Jónsdóttir formaður

Guðrún Halldórsdóttir

Anna Rut Sverrisdóttir

Til vara:

Gróa Margrét Jónsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir (eldri)

Engin mál hafa borist siðanefnd frá síðasta aðalfundi.

Virðingarfyllst,

Birna Gerður Jónsdóttir

## ÁRSSKÝRSLA RITNEFNDAR/BÓKANEFNDAR LJÓSMÆÐRATALS

Nefndin hefur verið að undirbúan útgáfu Ljósmaðratals 2019. Við tókum samna nokkra punkta yfir starfsemi ársins.

Erla Doris sagnfræðingur er búin að fara yfir eldri skjöl félagsins og flokka og skjala. Nú er hún byrjuð að skrifa sögu félagsins. Ef einhver vill koma með sögur eða ábendingar til hennar er það mjög vel þegið. ??? tölvupóstfang Erlu

Vinna við undirbúning gagnasöfnunar er hafin og stefnt er að hefja almenna söfnun haustið 2016. Verður það gert með skráningarformi á netinu sem hver ljósmóðir fyllir út í sjálf. Upplýsingum um ljósmæður sem hafa látist frá síðustu útgáfu verður safnað af nefndinni.

Sömu upplýsingum verður safnað og í síðasta Ljósmaðratali þ.e. nafn, fjölskyldhagir og starfsferill. Sjá síðasta Ljósmaðratal en einnig verður eitthvað nýtt. Send verður út tilkynning um hvaða upplýsingar við óskum eftir þegar nær dregur.

Stefnum á að mæta á aðlfund Ljósanna í október 2016 til að safna upplýsingum frá þeim og aðstoða við að skrá sínar upplýsingar inn.

Á aðalfundi 2. apríl 2016 munum við hafa myndasýningu á gömlum myndum sem fundust. Við óskum eftir að þeir sem geta gefið upplýsingar um hverjir eru á myndunum og við hvaða tilefni myndin var tekin. Einnig væri gaman að fá góðar myndir af árgöngum, sérstaklega við útskrift og/eða á rannsóknardeginum.

Kostnaðaráætlun fyrir Ljósmaðratalið er langt komin. Kostnaði verður stillt í hóf og er áætlunin að útgáfan standi undir sér. Munum við hafa áskriftarleið svipaða og við bókina „Lausnarsteinar“ sem var gefin út fyrir nokkrum árum. Þannig munu safnast fyrirfram peningar fyrir útgáfukostnaði þannig að útgjöld sé hægt að borga jafnóðum.

Ljósmaðrafélagið mun því ekki bera þungann af útgáfukostnaði bókarinnar þótt það sé bakland hennar.

Afmælisárið 2019 verður gefin út 100 ára hátíðarútgáfa, innbundin í svipuðum stíl og gamla talið. Verður bókin einnig gerð sem rafbók og mun hún fylgja hátíðarútgáfunni. Ljósmaður í framtíðinni munu geta pantað sér kilju útgáfu sem verða prentaðar eftir pöntun. Sá möguleiki verður opnaður vor/haust 2020.

Stefnum að bókin komi út á vormánuðum á afmælisárinu 2019, seinasta lagi 2. maí 2019. Við mun halda áfram með þetta starf á komandi árum.

Með kveðju Ljósmaðratals ritnefndin

Álfheiður Árnadóttir

Harpa Ósk Valgeirsdóttir

Inga Sigríður Árnadóttir

## ÁRSKÝRSLA LJÓSANNA 2015

Starfssemi deildarinnar breytist lítið milli ára 24.nýjar komu inn eftir áramót 2015 og voru send út 249 fundarboð fyrir aðalfund 14.okt síðastliðinn,og er okkur því alltaf að fjölga í deildinni.

Starfsmaður á skrifstofunni ásamt formanni LMFÍ,hafa aðstoðað við að bæta á póstlista þeim ljósmaðrum sem verða sextugar á árinu og búa á Íslandi.

Ljósmaðrafélagið hefur borið kostnað af ljósritun og póstsendingum.Það hefur reynst mjög vel að leita til félagsins með ýmislegt sem viðkemur starfssemi deildarinnar og sömuleiðis er starfsfólk BHM í Borgartúni afar hjálplegt.

Starfsemi deildarinnar er svipuð frá ári til árs.Einn almennur fundur var haldinn í mars og aðalfundurinn í október.

Eins og allir vita verður Ljósmaðrafélagið 100.ára 2.maí. 2019.Á síðasta aðalfundi lagi Sigríður Sía Jónsdóttir ljósmóðir framm áhugaverða tillögu um að kanna hvort hægt væri að merkja þá fæðingarstaði í Reykjavík og jafnvel nágrenni þar sem fæðingar fóru fram á 2000.öldinni.formaður félagsins fór þess á leit við stjórn ljósanna að kanna þetta og hefur stjórnin verið að skoða þetta mál,og vonar að geta kynnt það á næsta aðalfundi.

Haldnir voru þrír stjórnarfundir en upplýsingaflæði innan stjórnar fer mikið gegnum síma og tölvu.

Vorferðin að þessu sinni var farin 6 .júní í ár og var farið um uppsveitir Árnessýslu í blíðskaparveðri. Var þetta einstaklega vel heppnuð ferð og fékk ferðanefndin mikið hrós fyrir góðan undirbúning í alla staði.

Ferðanefndina skipa: Guðrún Sveina Jónsdóttir, Guðrún Guðbjörnsdóttir, Svannborg Egilsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Halldóra Margrét Bjarnadóttir .

Samkvæmt reglum deildarinnar er hvert hvert kjörtímabil 2.ár. Úr stjórn ganga núna Álfheiður Árnadóttir, María Björnsdóttir, og Ásgerður Helgadóttir. Þær hafa allar gefið kost á ser áfram en frjálst er að koma með aðrar tilnefningar

Utan formlegra starfa í ljósudeild eru nokkrir fastur liður að fara í Perluna í kaffi fyrsta miðvikudag hvers mánaðar, en sá fundur er öllum opinn óháð því hvort þær eu skráðar í deildina. Einnig er orðin hefð að fara saman út að borða á aðventunni, og að þessu sinni var farið á veitingarstaðinn Nauthól 12. desember. Ljósudeildin átti einnig 10.ára afmæli á árinu en hún var stofnuð 6. desember 2005. og var því fagnað við þetta tækifæri. Fengin voru skemmtiatriði og mætti ungur harmonikkuleikari Jóhannes Bjarki Másson 12.ára gamall barnabarn Helgu Guðjónsdóttir ljósmóður og heil hljómsveit harmonikkuleikara með Guðrúnu Erlu Bjarnadóttir ljósmóðir í forsvari og léku þau undir borðum við góðar undirtektir jósmæðra. Þá var María Björnsdóttir með útekt á öllum vorferðum sem ljósurnar hafa farið í frá 2007, en þá var fyrsta ferðin sem hafa síðan verið farnar á hverju vori síðan. var þetta einstaklega vel heppnað og allir skemmtu sér vel.

Ljósudeildin heldur áfram að stækka og eflast nýjum ljósum á hverju ári.

Álfheiður Árnadóttir formaður

## SKÝRSLA NORÐURLANDSDEILDAR LMFÍ

Akureyri 17.03.2016

Samantekt á starfsemi Norðurlandsdeildar Ljósmeðrafélags Íslands árið 2015.

Tekið saman fyrir aðalfund Ljósmeðrafélag Íslands, 2016.

Aðalfundur NLMFÍ var haldinn 27. maí 2015. Mæting var nokkuð góð þar sem 20 félagar mættu til fundar. Auk hefðbundinna aðalfundastarfa bar ýmislegt á góma. Rætt var um tímasetningu aðalfundar, hvort færa ætti hann frammar í árið. Félagar kusu að halda sig við maí eða júní ár hvert.

Ása Marinósdóttir hafði setið aðalfund LMFÍ 2015 og velti upp þeirri spurningu hvort ekki ætti að vera fulltrúi stjórnar NLMFÍ á aðalfundum. Svarið við því er að fyrir nokkrum árum tók þáverandi stjórn NLMFÍ þá ákvörðun að senda ekki fast fulltrúa á þessa fundi þar sem flugfargjöld væru orðin það dýr. Ása sagði líka frá því að skýrsla NLMFÍ hefði ekki verið lesin upp á fundinum.

Ólöf Ásta Ólafsdóttir spurði hvort NLMFÍ hefði markvissa stefnu um málþing og fræðslu. Svo er ekki en félagar voru flestir jákvæðir um að skoða þau mál í samstarfi við t.d. önnur félög. Í kjölfarið komu upp nokkrar hugmyndir um málefni sem spennandi væri að taka upp á slíkum málþingum. Mun félagið hafa þetta bak við eyrað og reyna að gera betur á þessu sviði.

Birgitta Pálsdóttir kynnti aðeins starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands og hvaða áhrif það hefur á barneignaþjónustu á norðurlandi.

Tinna Jónsdóttir sagði frá því að hún væri að læra dáleiðslu, Sigfríður Inga Karlsdóttir sagði frá því að markmið Háskólans á Akureyri væri að koma á fót námi í heilbrigði kvenna og Anna María Oddsdóttir sagði frá því að hún sér nú um krabbameinssýnatöku frá leghálsi á Sauðárkróki.

Að fundi loknum flutti Ólöf Ásta Ólafsdóttir hluta af fyrirlestri sínum um fæðingar í nútíð og fortíð. Var það mjög áhugavert efni.

Matur var fenginn frá veitingahúsi í bænum og nutu ljósmæður þess að borða og spjalla fram eftir kvöldi í góðum félagsskap.

Aðventufundur var haldinn 30. Nóvember 2015. Góð mæting var á fundinn.

Ragnheiður Baldursdóttir fæðinga- og kvensjúkdómalæknir kom og fræddi okkur um BRCA gen og krabbamein, hormónamedferð og getnaðarvarnapillur. Spunnust líflegar umræður í kjölfar þessa áhugaverða erindis.

Snæddu fundarmenn saman súpu og brauð, skiptust á jólapökkum og í boði var lauflett jólaföndur fyrir þá sem áhuga höfðu. Ýmislegt tengt starfinu bar svo auðvitað á góma í spjalli yfir kaffibolla og eftirrétti.

Auk þessara tveggja föstu pósta var einn stjórnarfundur og önnur samskipti milli stjórnarmeðlima áttu sér ýmist stað með tölvupósti eða gegnum síma.

Tveir félagar létust á árinu 2014, þær Margrét Þórhallsdóttir og Hallfríður Alfreðsdóttir. Var þeirra minnst á aðalfundinum. Í maí 2015 voru félagar í NLMFÍ því 43 talsins.

Núverandi stjórn skipa:

Birgitta Níelsdóttir, formaður

María Egilsdóttir, varaformaður

Ingibjörg Jónsdóttir, ritari

Eva Laufey Stefánsdóttir, gjaldkeri

María Bergþórsdóttir, meðstjórnandi

Með bestu kveðjum til allra á aðalfundi LMFÍ,

f.h. stjórnar,

Birgitta Níelsdóttir, formaður NLMFÍ

## SKÝRSLA FAGDEILDAR UM MEÐGÖNGUVERND OG FÓSTURGREININGU

### FRÁ STOFNUN DEILDARINNAR 24. NÓVEMBER 2014 TIL 1. MARS 2016.

Í lögum LMFÍ frá 2014 kemur fram að Fagdeildin eigi að vinna að klínískum framgangi síns sérsviðs: meðgönguvernd og fósturgreiningu í samráði við stjórn Ljósmeðrafélags Íslands. Jafnframt er hún ráðgefandi aðili stjórnar og nefndum félagsins. Fulltrúi úr stjórn LMFÍ á sæti í stjórn deildarinnar.

Á stofnfund fagdeildarinnar þann 24. nóvember 2014 mættu 11 ljósmeður og þar var valinn þriggja manna stýrinefnd: Hafdís Ólafsdóttir, fulltrúi úr stjórn LMFÍ, Jóhanna Skúladóttir og Kristín Rut Haraldsdóttir.

Í byrjun árs 2015 var stofnaður lokaður hópur innan samfélagsíðunnar Facebook.com.. Í hópinn var boðið þeim ljósmeðrum sem höfðu skráð sig í deildina. Markmið með hópnum var að meðlimir deildarinnar gætu skipts á skoðunum. Einnig til að koma áleiðis upplýsingum. Í dag eru 23 meðlimir í þessum lokaða hóp.

Á árinu 2015 hélt stýrinefndin tvo fundi þar sem fjallað var um markmið og hlutverk deildarinnar og tekin saman drög að þeim. Boðað var til almenns fundar þann 30. september þar sem drögin voru kynnt og yfirfarin. Á fundinn mættu 3 ljósmeður, þar af 2 úr stýrinefndinni. Drögin voru síðan sett á umrædda spjallsíðu.

.Fyrir hönd Fagdeildar um meðgönguvernd og fósturgreiningu

Jóhanna Skúladóttir

## SKÝRSLA FAGDEILDAR UM SÆNGURLEGU OG BRJÓSTAGJÖF FÝRIR

### AÐALFUND LMFÍ 2. APRÍL 2016

Einn fundur var haldinn á starfsárinu.

Efni fundarins var að setja upp stefnu og gildi fagdeildarinnar. Komst sú vinna aðeins af stað en enn er eftir að ljúka þeirri vinnu.

Einnig fór töluverður tími í að ræða mál heimaþjónustu og ákveðna skjólstaðingahópa. Málefni sjálfstætt starfandi ljósmeðra var einnig mikið rædd og var ákveðið að leggja til að deild sjálfstætt starfandi ljósmeðra verði stofnuð.

20. mars 2016

Bergrún S. Jónsdóttir

## SKÝRSLA FAGDEILDAR UM FÆÐINGARHJÁLP

Ekki hefur verið fundað á árinu



## SKÝRSLA FAGDEILDAR UM KYNHEILBRIGÐI OG FORVARNIR 2015-2016

Haldnir voru tveir fámennir fundir hjá fagdeildinni þetta starfsárið.

Ýmislegt hefur verið rætt og margar hugmyndir komið upp. Í mars síðastliðnum var skrifað bréf í nafni Ljósmeðrafélags Íslands og félags íslenskra fæðinga- og kvensjúkdómalækna varðandi óþarfa aðgerðir á kynfærum kvenna. Bréfið var sent á þingmann og er málið komið í farveg.

Það var ákveðið að næsta verkefni væri starfssvið ljósmeðra. Kominn er tími til að vinna í því að auka aðkomu ljósmeðra að getnaðarvörnum eins og tíðkast á nágrannalöndunum.

Fagdeildin hefur tekið saman vinnuskjal þess efnis sem notað verður til stuðnings þeirri vinnu sem snýr að þessu málefni.

Fyrir hönd stjórnar fagdeildar um kynheilbrigði og forvarnir,

Ásta Hlín Ólafsdóttir

## SJÁLFSTÆTT STARFANDI LJÓSMÆÐUR

Sjálfstætt starfandi ljósmeður funduðu nokkrum sinnum á starfsárinu. Einn fundur var haldinn í nóvember og var þá með eindæmum léleg mæting. Seinni fundir á nýju ári voru betur sóttir og voru þeir haldnir í tengslum við samninga sjálfstætt við Sjúkratryggingar Íslands.

Á þeim fundum kom í ljós að þörf er á vettvangi fyrir sjálfstætt starfandi ljósmeður til þess að ræða þau mál sem varðar þann hóp og því var ákveðið að leggja til að sérstök deild sjálfstætt starfandi ljósmeðra yrði stofnuð.

Samningar við SÍ voru undirritaðir 8. febrúar og fékkst fram 10% hækkun á gjaldskránni.

20. mars 2016

Bergrún S. Jónsdóttir

## STJÓRNAR OG NEFNDAKOSNINGAR

### KOSNING Í NEFNDIR

#### STJÓRN FÉLAGSINS

Störf	Núverandi nefnd	Ný nefnd
Formaður	Áslaug Valsdóttir	Kosin til 2018 árið 2015
Varaformaður	Steina Þórey Ragnarsdóttir	Kosin til 2017 árið 2015
Gjaldkeri	Inga Sigríður Árnadóttir	Gróa Sturludóttir
Varagjaldkeri	Hafðís Ólafsdóttir	Inga Sigríður Árnadóttir
Ritari	Ásta Hlín Ólafsdóttir	Bergrún Svava Jónsdóttir
Vararitari	Bergrún Svava Jónsdóttir	María Rebekka Þórisdóttir
Meðstjórnandi- form.kjaranefndar	Edda Sveinsdóttir	VANTAR

#### FRÆDSLUNEFND

Nefndarstörf	Núverandi nefnd	Ný nefnd
	Ingibjörg Ýr Óskarsdóttir	Kosin til 2017 árið 2015
	Ingibjörg Eiríksdóttir	Kosin til 2017 árið 2015
	Guðrún Haraldsdóttir	Sigríður Inga Karlsdóttir
	Hildur Ármannsdóttir	Stella Steindórsdóttir
	Ragnheiður Þorvaldsdóttir	Ragnheiður Þorvaldsdóttir

#### KJARANEFND

Nefndarstörf	Núverandi nefnd	Ný nefnd
Formaður	Edda Sveinsdóttir	VANTAR
	Elísabet Ósk Vigfúsdóttir	Kosin til 2017 árið 2015
	Jóhanna Skúladóttir	Gréta María Birgisdóttir
	Sesselja Ingólfssdóttir	VANTAR
	Kristín Viktorsdóttir	Kosin til 2017 árið 2015
	Signý Dóra Harðadóttir	Kosin til 2017 árið 2015

#### BÓKANEFND – NÝ NEFND, VERÐUR STARFANDI FRAM YFIR ÚTGÁFUR

##### LJÓSMÆÐRATALS 2019

Nefndarstörf	Ný nefnd
	Inga Sigríður Árnadóttir
	Harpa Ósk Valgeirsdóttir
	Álfheiður Árnadóttir

## ÓBREYTTAR NEFNDIR

### AÐALTRÚNAÐARMADUR

Arndís Mogensen

### RITNEFND

Hrafnhildur Ólafsdóttir, ritstjóri

Berglind Hálfhánsdóttir

Dóra Stephensen

Embla Ýr Guðmundsdóttir

Ingibjörg Hreiðarsdóttir

Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Sigrún Ingvarsdóttir

### SJÓÐANEFND

Gjaldkeri LMFÍ, formaður

Formaður LMFÍ

Gréta Rún Árnadóttir

Greta Matthíasdóttir

Margrét Guðmundsdóttir

### KJÖRNEFND

Birna Ólafsdóttir, formaður

Hilda Friðfinnsdóttir

Tinna Jónsdóttir

### SIÐANEFND

Birna Gerður Jónsdóttir, formaður

Anna Rut Sverrisdóttir

Guðrún Halldórsdóttir

Gróa Margrét Jónsdóttir, varamaður

Margrét Guðmundsdóttir (eldri), varamaður

### NJF

Fulltrúi úr stjórn

Hildur Kristjánsdóttir

### SKOÐUNARMENN

Ingunn Vattnes Jónsdóttir

Margrét Guðmundsdóttir

## ÖNNUR MÁL

Ekki hafa borist neinar tillögur að umfjöllun um önnur málefni.